

VSÓ RÁÐGJÖF

Sjálfbæriskýrsla 2023

Mars 2024



EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	2
Um skýrsluna	3
VSÓ Ráðgjöf	4
Umhverfi	6
Losun gróðurhúsalofttegunda	6
Orkunotkun	8
Samgöngur	10
Úrgangur og pappír	10
Félagslegir þættir	12
Jafnrétti og launahlutfall	12
Öryggi og heilsa	12
Samfélagsþátttaka	14
Stjórnarhættir	15
Stjórn VSÓ Ráðgjafar	15
Ábyrgir stjórnarhættir	15
Persónuvernd	16
Græna leiðin að sjálfbærri framtíð	17
Virk þátttaka í vegferð að sjálfbærni	17
Umhverfisevntanir	18
Orkuútreikningar og orkunýting bygginga	18
Hringrásarhagkerfið	19
Vistvænni samgöngur og gott aðgengi	20
Loftslagsmál	21
Viðauki - UFS Mælikvarðar	23
UFS mælikvarðar - Umhverfi	24
UFS mælikvarðar - Félagslegir þættir	26
UFS mælikvarðar - Stjórnarhættir	29

ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ágæti lesandi,

Í stefnumótun VSÓ og aðgerðum leggjum við ríka áherslu á að stuðla að kolefnishlutleysi og sjálfbærri þróun. Loftslagsbreytingar eru nú þegar byrjaðar að breyta náttúruferi og lífsskilyrðum fólks á Íslandi með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Þörf er á tafarlausum viðbrögðum að mati vísindamanna. Öll þurfa að leggjast á eitt til að bregðast við og tekur VSÓ Ráðgjöf hlutverk sitt alvarlega í þessum efnum með því að gefa út sjálfbærnistefnu sem er leiðarljós í sjálfbærnivegferð fyrirtækisins og í þjónustu við viðskiptavinum.

Innleiðing sjálfbærnistefnunnar gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu VSÓ sem vinnustaðar þar sem stutt er við velferð starfsfólks, faglega þróun og að tryggja ábyrga stjórnarhætti. Við vinnum náið með viðskiptavinum, viljum vera framsækin og hvetjum til umbreytinga. Við höfum átt samtál um sjálfbærni við fjölda viðskiptavina, rætt áskoranir og hvernig ná megi raunverulegum árangri í þeim efnum.


Fjölbreytt verkefni hafa verið unnin á árinu undir merkjum Grænu leiðarinnar sem er að festa sig í sessi í þjónustu VSÓ. Markmiðið er að stuðla að sjálfbærni á sviði umhverfis, samfélags og efnahags, draga úr kolefnislosun, hámarka auðlindanýtingu og benda á hagkvæmar lausnir sem stuðla að góðri lýðheilsu og bættu samfélagi.

Með því að halda sjálfbærniviku innan VSÓ haustið 2023 vildum við dýpka skilning starfsfólks á sjálfbærnistefnunni, fjalla um árangursrík verkefni og benda á hvernig starfsfólk getur tileinkað sér sjálfbærni í lífi og starfi.

Við leitumst stöðugt við að bæta frammistöðu okkar á sviði sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar. Góður árangur náðist t.d. í að auka hlutfall flokkaðs úrgangs og í að jafna kynjahlutfall meðal starfsfólks. Þá voru gerðar breytingar á bílaflota VSÓ til að minnka kolefnissporið.

Starfsfólk VSÓ leggur grunn að árangri með reynslu sinni, fagþekkingu og hugarfari um stöðugar framfarir. Ég þakka öllu starfsfólki VSÓ fyrir mikilvægt framlag, áræðni í starfi og vel unnin störf á árinu 2023.

Viðskiptavinum og stjórn þakka ég gott samstarf.



UM SKÝRSLUNA

VSÓ Ráðgjöf metur frammistöðu sína á sviði sjálfbærni og samfélagslegrar ábyrgðar með hjálp **UFS mælikvarða** og tekur saman helstu niðurstöður í þessari **sjálfbæriskýrslu**. Notaðar eru **leiðbeiningar Nasdaq** um UFS mælikvarða sem voru gefnar út á íslensku árið 2020. **UFS** stendur fyrir **umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti**. Leiðbeiningarnar eru bæði ætlaðar skráðum og óskráðum fyrirtækjum sem vilja efla sjálfbærni, tryggja öfluga upplýsingagjöf um frammistöðu á því sviði og auka gagnsæi í rekstri. Umhverfisupplýsingar hafa verið teknar saman hjá VSÓ síðan umhverfisstjórnunarkerfi var innleitt árið 2011 í samræmi við **ISO 14001**.



UMHVERFI



FÉLAGSLEGIR
ÞÆTTIR



STJÓRNARHÆTTIR

UFS leiðbeiningar Nasdaq (umhverfi, félagslegir þættir og stjórnarhætti) fjalla um það hvernig fyrirtæki geta með markmiðasetningu og upplýsingagjöf sýnt samfélagslega ábyrgð í verki með áherslu á sjálfbærni.

Köflum skýrslunnar er skipt eftir þremur stöðum UFS mælikvarðanna og er þar farið yfir þau **markmið VSÓ Ráðgjafar** sem tengjast mælikvörðunum og hvort þeim sé náð, ásamt því að vísað er í þau **heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** sem eiga við hverju sinni og fyrirtækið leggur áherslu á. Farið hefur fram greining á hvaða undirmarkmið og mælikvarðar Heimsmarkmiðanna fyrirtækið getur tengt við (sjá í viðauka).

Sér kafli er um **Grænu leiðina** og endurspeglar hann áherslur á sviði sjálfbærni og hringrásarhagkerfisins í þjónustu og verkefnum VSÓ þar sem stefnan er að bjóða ráðgjöf sem styður vegferð viðskiptavina í átt að **kolefnishlutleysi** og **sjálfbærri þróun**.

Í **viðauka** er **samantekt á frammistöðu** VSÓ í sjálfbærni gagnvart öllum þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir, ásamt samanburði við árið 2022.



Mynd 1 Frá gönguferð starfsfólks í Kerlingarfjöllum í september 2023.

VSÓ RÁÐGJÖF

VSÓ er alhliða ráðgjafa- og verkfræðistofa sem leggur áherslu á trausta og faglega þjónustu sem tryggir viðskiptavinum hagkvæmstu lausnirnar hverju sinni, skilar raunverulegum árangri og stuðlar að samkeppnisforskoti. Fyrirtækið er með skrifstofur bæði á Íslandi og í Noregi. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu byggða m.a. á menntun í verkfræði, skipulagsfræði, húsasmíði, arkitektúr, tæknifræði, tækniteikun, rafvirkjun, líffræði, jarðfræði, umhverfisfræði, landupplýsingafræði, hagfræði og verkefnastjórnun.

Við stöndum vörð um vellíðan, heilsu og öryggi starfsfólks og jafnrétti. Lögð er áhersla á þátttöku starfsfólks í að skapa góða öryggismenningu. Fagþekking og reynsla starfsfólks er lykillinn að árangri og við styðjum við símenntun og framþróun í starfi. Við leggjum áherslu á góða liðsheild, heilbrigða vinnustaðamenningu og fjölskylduvænan vinnustað. Víðtæk reynsla starfsfólks VSÓ byggir einnig á þeim fjölbreyttu verkefnum sem fyrirtækið hefur unnið að hér á landi og erlendis á þeim 66 árum sem liðin eru frá því fyrirtækið var stofnað.

Upphaflega starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á áttunda áratugnum var farið inn á nýjar brautir með fjölbreyttari þjónustu til að mæta kröfum viðskiptavina. Á síðustu árum hafa umsvif VSÓ aukist til muna um leið og þjónustan er orðin víðtækari. Innan fyrirtækisins eru sex megin svið: burðarvirki, byggðatækni, samgöngur, tæknikerfi, umhverfi og skipulag og verkefnastjórnun.

Einkunnarorð og gildi VSÓ Ráðgjafar


ÁRANGUR Við leggjum áherslu á að öll verkefni sem við tökum að okkur skili raunverulegum árangri fyrir viðskiptavininn.

FRAMFARIR Stöðugar framfarir skipta VSÓ höfuðmáli því aðeins þannig getum við hjálpað viðskiptavinum okkar að bæta árangur.


FORSKOT Við viljum að ráðgjöf okkar hjálpi viðskiptavinum að ná forskoti á sínu sviði.

Hugmyndafræði **sjálfbærrar þróunar** er höfð að leiðarljósi í rekstri og ráðgjöf VSÓ. Lögð er áhersla á að að veita ráðgjöf og bjóða vistvænar og hagkvæmar lausnir og styðja þannig fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir á **grænni leið** að kolefnishlutleysi og sjálfbæru samfélagi.

Grænar lausnir draga fram það besta í vistvænni hönnun ásamt því að styðja við jákvæða byggðapróun, tryggja góða orkunýtingu, bæta auðlindanýtingu og lágmarka úrgang. Ísland stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og VSÓ leggur sitt af mörkum til að draga úr kolefnislosun.



VSÓ hefur víðtæka reynslu af ráðgjöf á sviði gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunar og starfar samkvæmt vottuðum gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfum í samræmi við **ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001** staðlana auk þess að starfa eftir **ÍST 85 jafnlaunakerfi**. VSÓ vinnur einnig samkvæmt **persónuverndarstefnu, jafnréttisáætlun og sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi**.



Unnið er að **umhverfisvottun** á húsnæði VSÓ í Borgartúni 20.

Sjálfbærnistefna VSÓ var gefin út í mars 2023 og nær yfir rekstur og ráðgjöf fyrirtækisins þar sem áherslan er á fjögur stefnumið stefnunnar:

- Framsækni í loftslags- og umhverfismálum
- Eftirsóttur og öruggur vinnustaður
- Hagur viðskiptavina og gæði þjónustu
- Ábyrgir viðskipta- og stjórnarhættir

Sjálfbærnivika var haldin í október undir yfirskriftinni Sjálfbærni í lífi og starfi og var liður í innleiðingu á sjálfbærnistefnunni. Starfsfólk hélt stutt erindi um fagleg málefni og verkefni sem stuðlað hafa að sjálfbærni voru kynnt. Auk þess voru gefin hagnýt ráð sem nýtast í daglegu lífi m.a. sýnikennsla í hjólaviðgerðum og flokkun úrgangs. Þá var markaður þar sem hægt var að skiptast á notuðum hlutum og gefa þeim nýtt líf.

VSÓ vinnur að því að innleiða hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar með áherslu á þau **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** sem eiga best við starfsemina.



Með þessu leggur VSÓ sitt af mörkum svo að Heimsmarkmiðunum verði náð fyrir 2030. Heimsmarkmiðin veita stjórnvöldum og fyrirtækjum um heim allan **sameiginlegan ramma fyrir sjálfbærni í rekstri** þar sem þrjár meginstoðir sjálfbærrar þróunar eru skoðaðar í samhengi og mynda jafnvægi þeirra.

UMHVERFI

Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna í þessari skýrslu þar sem horft er til losunar og losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda (GHL), orkunotkunar, orkukræfni, samsetningar orku, vatnsnotkunar, loftslagseftirlits stjórnar og stjórnenda, ásamt mildun loftslagsáhættu. Losunarkræfni GHL er sýnd sem losun á hvert stöðugildi og orkukræfni er orkunotkun á hvert stöðugildi og á hvern m³ eða m² húsnæðis.

Umhverfisstjórnun í samræmi við kröfur **ÍST EN ISO 14001** er hluti af rekstrarkerfi VSÓ Ráðgjafar og er ætlað að tryggja að fyrirtækið sýni góða frammistöðu í umhverfismálum og stýri þeim áhrifum sem starfsemi hefur á umhverfið. Fyrirtækið setur sér markmið um stöðugar umbætur til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

Mikilvægir umhverfisþættir í starfseminni hafa verið skilgreindir og eru vaktaðir; eldsneytisnotkun vegna aksturs og vinnutengdra flugferða, ferðir starfsfólks til og frá vinnu, rafmagnsnotkun í húsnæði og hleðslu rafmagnsbíla, vatnsnotkun, úrgangur og pappírnotkun. Innkaupum er stýrt og markmiðið er að kaupa vistvæna vöru ef hún er í boði. Notuð eru umhverfisvæn ræstiefni og hreinlætispappír. Útgefið efni er ýmist á rafrænu formi eða prentað í umhverfisvottaðri prentsmiðju. Notaður er Svansvottaður prentpappír.

Umfang 1: Bein losun vegna eigin starfsemi s.s. vegna framleiðsluferla og farartækja fyrirtækis.

Umfang 2: Óbein losun vegna orkunotkunar (rafmagn og heitt vatn til eigin nota).


Umfang 3: Óbein losun sem á sér stað utan fyrirtækis, s.s. vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu, vinnutengdra flugferða, förgunar úrgangs, aðkeyptrar vöru og þjónustu og flutninga.

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA



Markmið: Að draga úr losun GHL árið 2023 miðað við 2022.

Staðan: VSÓ hefur haldið kolefnisbókhald frá árinu 2014. Stuðst er við **aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol** við útreikninga á kolefnisspori VSÓ á ársgrundvelli. Losun GHL miðað við CO₂ig er skipt í umfang 1, 2 og 3 eftir því hvar í virðiskeðjunni losunin á sér stað (mynd 2). Einnig er reiknuð út heildarlosun GHL á hvert stöðugildi.




Mynd 2 Losun GHL (CO₂ig) og skipting í umfang 1, 2 og 3 samkvæmt aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol.


Reiknuð losun GHL (CO₂ig) árið 2023 vegna starfsemi VSÓ voru 56,7 tonn sem er aukning um 2,7% frá árinu 2022. Losun vegna umfangs 1 og 2 árið 2023 var 27% af heildarlosun og losun vegna umfangs 3 var 73%. Þessi hlutföll voru 34% og 66% árið 2022. Hlutfall losunar vegna umfangs 1 minnkaði á milli ára, var 22% árið 2023 en 29% árið 2022. Ástæðan var minni losun frá bifreiðum VSÓ og einkabílum notaðir í vinnuferðir.

Inni í losun vegna umfangs 3 er losun vegna vinnutengdra flugferða, ferða starfsfólks til og frá vinnu og förgunar úrgangs. Heildarlosun og hlutfall losunar GHG í umfangi 1, 2 og 3 er sýnd á mynd 3. Í umfangi 3 veða ferðir starfsfólks til og frá vinnu mest. Hlutfall losunar GHG vegna þessa þáttar jókst um 24% frá árinu 2022 (mynd 4).


Samdráttur í losun GHG í heildina er 49% frá upphafi mælinga árið 2014 en þá var losunin um 111 tonn CO_{2ig}. Uppruni losunar hjá VSÓ er sýndur á mynd 5. Losun GHG á hvert stöðugildi árið 2023 var 652 kg CO_{2ig} en 600 kg CO_{2ig} árið á undan.



Mynd 3 Reiknuð losun GHG (CO_{2ig}) í tonnum vegna starfsemi VSÓ í umfangi 1, 2 og 3 árin 2016-2023.



Mynd 4 Losun GHG (CO_{2ig}) vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu árin 2016-2023.



Mynd 5 Uppruni losunar GHG (CO_{2ig}) árið 2023 (hlutfall).

Lykiltölur um umhverfi		
Heildarlosun GHL 56,7 tonn CO _{2ig}	Losun vegna ferða starfsfólks til og frá vinnu 33,5 tonn CO _{2ig}	Losun vegna ferða á vinnutíma 19 tonn CO _{2ig}

VSÓ kolefnisjafnar rekstur sinn með skógrækt í samstarfi við **Kolvið**.
Unnið er að ýmsum verkefnum sem stuðla að minni losun GHL.


Bifreiðar VSÓ Starfsfólk hefur aðgang að sex vinnubílum, þar af þremur rafbílum og tveim tengiltvinnubílum.	Rafmagnshjól Starfsfólk hefur aðgang að rafmagnshjóli.	Fríar strætóferðir Starfsfólk getur ferðast frítt í strætó til og frá vinnu.
Rafræn samskipti Fjarfundir, pappírslaus viðskipti, rafræn staðfesting á rýni gagna.	Vistvænar samgöngur Starfsfólki býðst að gera samgöngusamning um vistvænar samgöngur til og frá vinnu.	Fjarvinna Starfsfólk hefur möguleika á að vinna heima.

ORKUNOTKUN



Markmið: Auka hlutfall endurnýjanlegrar orku og lágmarka notkun á allri orku.

Staðan: Orkunotkun hjá VSÓ samanstendur af rafmagni, heitu vatni, jarðefnaeldsneyti og metani. Hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa er 92% sem er 1% aukning frá árinu 2022 (mynd 6).



Mynd 6 Hlutfallsleg notkun endurnýjanlegra (rafmagn, heitt vatn og metan) og óendurnýjanlegra orkugjafa (jarðefnaeldsneyti) hjá VSÓ 2023.


Rafmagn og vatn

Rafmagnsnotkun vegna lýsingar er lágörkuð með hreyfiskynjurum á svæðum þar sem viðvera fólks er ekki stöðug. Starfsfólk er hvatt til að slökkva á ljósum og tölvuskjáum í lok vinnudags.


Rafmagnsnotkun á hvert stöðugildi hefur minnkað frá árinu 2016 (mynd 7), jókst nokkuð árið 2021 (2.350 kWh) en minnkaði aftur árið 2023 (2.050 kWh). Rafmagnsnotkun vegna hleðslustöðva var 12% af heildarnotkun árið 2023 samanborið við 4% árið 2022 og skýrist af því að aukning hefur orðið á rafmagnsbílum í eigu VSÓ og starfsfólks á milli ára.

Notkun á heitu vatni á hvern starfsmann VSÓ árið 2023 var 68 m³ (mynd 8) sem er svipað og árið á undan en nokkru minni en árið 2018 (fyrir tíma Covid) þegar notkunin var 70 m³ (4% meiri). Heitt vatn er notað til að hita upp húsnæðið og kalda vatnið til drykkjar og þvotta.

Fjölgun starfsfólks hefur áhrif á orkunotkun þar sem fleira fólk nýtir sama rýmið og dregur því úr orkunotkun á hvern starfsmann.



Mynd 7 Rafragnsnotkun á hvern starfsmann hjá VSÓ 2016-2023.




Mynd 8 Heildar vatnsnotkun 2016-2023 sýnd á súlum (vinstri ás), brotalínur sýna viðmiðið 0,5-0,8 m³/m³ frá veitum.is. Línur sýna vatnsnotkun á stöðugildi (hægri ás).

Eldsneyti

Markmið: Að minnka notkun jarðefnaeldsneytis vegna vinnutengdra ferða á bifreiðum VSÓ árið 2023 miðað við 2022. Við endurnýjun á bifreiðum VSÓ eru keyptir vistvænni bílar.

Staðan: Starfsemi VSÓ krefst þess að starfsfólk ferðist á milli staða við vinnu sína. Vegna verkefna sem unnin eru úti á landi og í Noregi þarf stöku sinnum að fljúga í vinnutengdar ferðir. Bílafloki fyrirtækisins samanstendur af þremur rafbílum, tveimur tengiltvinn bílum og einum dísilbíl. Rafbílar og tengiltvinn bílarnir voru keyptir á miðju og eftir mitt ár 2023 og var þess í stað einn bensín bíll, tveir dísilbílar og tveir metan bílar seldir. Mynd 9 sýnir losun GHG miðað við mismunandi tegundir eldsneytis á bifreiðum VSÓ árið 2023.

Notkun á jarðefnaeldsneyti í vinnutengdar ferðir (bifreiðar VSÓ og einkabílar) dróst saman um 18% á milli árána 2022 og 2023.



Mynd 9 Hlutfall losunar GHG (CO₂ig) vegna notkunar á mismunandi tegundum eldsneytis á bifreiðum VSÓ árið 2023.

SAMGÖNGUR



Markmið: Stuðla að vistvænum samgöngum starfsfólks til og frá vinnu. Að fjölga samgöngusamningum árið 2023 miðað við 2022 um 20%.

Staðan: VSÓ hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna og heilsusamlega samgöngumáta til og frá vinnu. Til að styðja við markmiðið var styrkur til þeirra sem gera samgöngusamning hækkaður haustið 2023. Frá árinu 2022 hefur verið boðið upp á samgöngusamning til þriggja, sex eða tólf mánaða sem skuldbindur fólk til að ferðast með vistvænum hætti a.m.k. þrisvar í viku. Samgöngusamningum fjölgaði um 67% á milli ára. Þau sem ekki hafa tök á að gera slíkan samning geta fengið fríar strætóferðir með Klapp 10 korti sem VSÓ útvegar þeim sem geta ferðast með strætó af og til.

Niðurstöður ferðavenjukannana benda til þess að starfsfólk nýti sér vistvænan ferðamáta í auknum mæli, þó meira á sumrin en á veturna. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að 54% nýttu sér vistvænar samgöngur að jafnaði yfir sumartímamann (maí-sept.) 2023 en um 34% yfir vetrartímamann. Þessi hlutföll voru 48% sumarið og 46% veturinn 2022. Í vistvænum samgöngum felst að ganga, ferðast á hjóli eða hlaupahjóli, strætó, rafmagns-, metan eða tengiltvinnbíl.

ÚRGANGUR OG PAPPÍR



Markmið: Stuðla almennt að minni hráefnisnotkun og minnka úrgangsmýndun.


Staðan: Frá árinu 2011 hefur VSÓ unnið eftir **umhverfis- og samgöngustefnu** og frá 2023 eftir **sjálfbærnistefnu**. VSÓ leggur áherslu á að í allri starfsemi fyrirtækisins sé góð umgengni við umhverfið og að farið sé vel með auðlindir með hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi.

Úrgangsmýndun


Markmið: Að hlutfall úrgangs sem fer í endurvinnslu verði yfir 70% árið 2023.

Staðan: Árið 2023 fóru 1.090 kg af úrgangi í urðun en alls 3.945 kg í endurvinnslu vegna starfsemi VSÓ. Þar af voru 2.192 kg lífrænn úrgangur (mynd 10).

Hlutfall úrgangs sem fór til endurvinnslu (plast, pappír, málmar, gler og lífrænn úrgangur) var 77% árið 2023 en 64% árið 2022 (mynd 11).




Mynd 10 Magn (kg) úrgangs frá starfsemi VSÓ sem fór í endurvinnslu (plast, pappír og málmar), lífræns úrgangs og úrgangs sem fór í urðun 2018-2023.




Mynd 11 Hlutfall úrgangs sem fór í endurvinnslu í heildina og í urðun 2023.

Árið 2023 bættist við flokkun á gleri og málmum og árið 2022 lífrænn úrgangur úr mótuneyti. Árin 2022 og 2023 var **matarsóun** í mótuneyti kortlögð yfir ákveðin tímabil ársins og er nú hluti af vöktun umhverfisþátta hjá VSÓ. Tilgangurinn er að minnka matarsóun, finna leiðir til að draga úr matarsóun og að fræða starfsfólk um þau mál. Starfsfólki er boðið upp á að taka heim með sér matarafganga úr mótuneytinu. Tilgangurinn er einnig að skoða hvort hægt sé að bjóða upp á mat með lægra kolefnisspori, auka hlutfall umhverfisvottaðra vara og draga úr umhverfisáhrifum vegna umbúða. Niðurstöður mælinga á matarsóun á viku sýna **samdrátt á milli ára** (mynd 12 og mynd 13).



Mynd 12 Umfang matarsóunar mælt í mótuneyti VSÓ haustið 2023.




Mynd 13 Samanburður á umfangi matarsóunar 2022 og 2023, mælt að hausti.

Pappírnotkun

Markmið: Draga úr pappírnotkun og að notkun á A4 pappír í prentara sé undir 0,3 kössum á stöðugildi á ári.

Staðan: Pappírnotkun hefur verið svipuð síðustu árin. Þegar mælingar hófust árið 2010 var notkunin á A4 pappír 1,8 kassar á stöðugildi. Árið 2023 var notkunin 0,28 kassar á stöðugildi en 0,26 kassar árið 2022 (mynd 14). VSÓ notar umhverfisvottaðan pappír í 90% tilvika.



Mynd 14 Pappírnotkun VSÓ, kassar af A4 og A3 pappír á stöðugildi árin 2016-2023.

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR



Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna, um laun forstjóra, launamun kynja, starfsmannaveltu, kynja-fjölbreytni, hlutfall tímabundinna starfskrafta, aðgerða gegn mismunun, vinnuslysatiðni, hnattræna heilsu og öryggi, barna- og nauðungarvinnu og almenn mannréttindi. Hér á eftir er fjallað um jafnrétti, launahlutfall, öryggi, heilsu og samfélagsþátttöku. Um aðra þætti og frammistöðu VSÓ er fjallað í viðauka.

Öryggistjórnun í samræmi við kröfur **ISO 45001** er hluti af rekstrarkerfi VSÓ. Innan ramma þess eru ferlar sem stýra jafnréttis-, eineltis-, öryggis- og heilsumálum. Áhættumatshugsun er notuð til að forgangsraða verkefnum svo unnt sé að vinna stöðugt að umbótum. Fyrirtækið vinnur eftir **jafnréttisáætlun** þar sem gætt er fyllsta jafnréttis óháð þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáníngu. VSÓ hefur innleitt **sáttmála gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO)** ásamt forvarnar- og viðbragðsáætlun vegna EKKO. VSÓ hefur þannig skuldbundið sig til að vinna í samræmi við íslensk lög og alþjóðlegar skuldbindingar um mannréttindi.

JAFNRÉTTI OG LAUNAHLUTFALL




Markmið: Jafna stöðu kynja í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum, greiða jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Að ná vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85 árið 2023. Að óútskýrður launamunur 2023 verði minni en 2% og að hlutfall kvenna á meðal verkefnisstjóra verði aukið miðað við 2022.

Staðan: Hlutfall kvenna hjá VSÓ var 49% árið 2023 en 46% árið 2022. Hlutfall kvenna sem verkefnastjórar var 29% árið 2023 en 27% árið 2022 en hlutfall kvenna sem sviðstjórar var það sama bæði árin eða 12,5% (ein kona og sjö karlar). Sama hlutfall kvenna var í framkvæmdastjórn þessi tvö ár eða 11% (ein kona og átta karlar) og í stjórn eða 50%, þrjár konur og þrjú karlar (mynd 15).

Óútskýrður launamunur samkvæmt jafnlaunaúttekt var 1% árið 2023 og hefur minnkað frá 2022, var þá 2,1%. Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og

kvenna árið 2023 var 1,12% en 1,22% árið 2022. Allt starfsfólk VSÓ er tekið með í útreikninginn án tillits til menntunar, starfsreynslu o.fl. Árið 2023 var hlutfall starfsfólks í fullu starfi 90% og meðal starfsaldur 11,4 ár. Hlutfallið var það sama árið 2022 en meðal starfsaldur var þá 10 ár.



Mynd 15 Kynjahlutfall starfsfólks og stjórnenda hjá VSÓ 2023.

ÖRYGGI OG HEILSA




Markmið: Starfsumhverfið sé heilsusamlegt, öruggt og stuðli að jafnrétti. Að byggja upp góða líðsheild og heilbrigða vinnustaðamenningu þar sem traust og trúnaður ríkir milli starfsfólks og stjórnenda. Að draga úr fjarvistum starfsfólks vegna veikinda 2023 miðað við 2022 og að engin fjarveruslys verði hjá starfsfólki.

Staðan: Almenn líðan, starfsánægja og vinnuálag er metið reglulega og var **HR monitor könnun** gerð þrisvar árið 2023. VSÓ býður starfsfólki sínu árlega í **heilsufarsviðtöl, heilsufarsmælingar og bólusetningu gegn inflúensu**. Lögð er áhersla á líkamlega, andlega og félagslega vellíðan auk þess sem unnið er að öryggi starfa og slysaforvörnum. VSÓ hefur gert samning við utanaðkomandi

aðila til að styðja við líkamlegt og andlegt heilsufar starfsfólks og tryggir aðgang þeirra að sálfræðiþjónustu þegar svo ber undir. Fjarvistir starfsfólks vegna veikinda voru 4,2% árið 2023 en 4,6% árið 2022.

Hjá VSÓ starfar virk **öryggisnefnd** og í henni eru tveir öryggisráðgjafarmenn fulltrúar starfsfólks. Nefndin rýnir ferli um **vinnuverndarmál** og tekur þátt í ákvörðunum varðandi öryggi og heilsu. Starfsfólk hefur aðgang að persónuverndarbúnaði sem nauðsynlegur er til að vinna verk á öruggan máta. Engin vinnuslys urðu 2023. Tvisvar á ári eru gerðar öryggisúttektir á vinnusvæðum í Borgartúni 20 og á öryggisbúnaði starfsfólks sem notaður er á verkstað (mynd 16).



Mynd 16 Fjöldi athugasemda í öryggisúttektum VSÓ í Borgartúni 20 árin 2017-2023.

Starfsfólk hefur fjölbreytta menntun. VSÓ leggur ríka áherslu á að **auka þekkingu með sí- og endurmenntun** og býður starfsfólki að sækja ýmis námskeið og fyrirlestra tengd sínu fagsviði. Einnig er starfsfólki boðið upp á námskeið í öryggismálum fyrir sérstök störf, skyndihjálp og brunavarnir og fræðslu um góða líkamsstöðu við tölvuvinnu.

VSÓ fjárfestir í **aðstöðu, búnaði og þjónustu sem stuðlar að vellíðan** starfsfólks. Innleitt hefur verið skipulag sem styður það að fólk geti stundað hreyfingu t.d. með því að hjóla eða ganga til og frá vinnu og styrkir eru veittir til líkamsræktar.

Starfsfólki stendur til boða að nota bifreiðar fyrirtækisins í einkaerindum; þannig er dregið úr þörf á að starfsfólk komi á einkabil til vinnu. VSÓ rekur mötuneyti sem býður upp á fjölbreyttan og hollan mat, m.a. vegan valkost.

Árið 2023 er áttunda árið sem **gróðursetning á trjám** fór fram í trjáræktarlundi við Reynisvatn. Starfsfólk og fjölskyldur þeirra gróðursettu 156 trjáplöntur og er gróðursetningin liður í átaki VSÓ við að kolefnisjafna reksturinn. Starfsfólk er hvatt til að nota vistvænar samgöngur á leið til og frá vinnu yfir sumartímamann og safnar stigum fyrir hverja ferð. Tré eru síðan gróðursett í samræmi við áunninn stigafjölda allra þátttakenda.



Mynd 17 Starfsfólk og fjölskyldur þeirra gróðursettu tré í góðu veðri við Reynisvatn haustið 2023.

Föstudagskaffi er á hverjum föstudegi í kaffiaðstöðu starfsfólks, oft með áherslu á þema í anda dagsins.

VSÓ leggur áherslu á samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og er starfsfólk upplýst um möguleika sína á barneignarleyfi, sveigjanlegum vinnutíma, fjarvinnu eða einstaklingsbundnum lausnum varðandi vinnutíma.

Starfsmannafundir eru einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði til að upplýsa starfsfólk um rekstrarkerfi, starfsemi VSÓ og málefni sem tengjast henni.

Mikil hvatning er til að **efla líkamlega og andlega heilsu** og tekur starfsfólk virkan þátt í átakinu hjólað í vinnuna og lífshlaupinu ár hvert. Fótbolti er spilaður á vikulegum æfingum og pool og pílukast daglega í Súðinni, tómstundaaðstöðu starfsfólks.




Mynd 18 Sprellað á Halloween í föstudagskaffi í október 2023.

Fjölbreytt félagsstarf er á vegum **starfsmannafélags VSÓ**, og stendur félagið fyrir fjölda viðburða s.s. árshátíð, þorablót, leikhúserfð, félagsvist, sumarsprell, salsanámskeið, jóga og margt fleira. Viðburðir eru fjölbreyttir og skipulagðir með það í huga að efla félagsandann og heilsu. Þá stendur starfsmannafélagið fyrir fjölda viðburða þar sem fjölskyldur starfsfólks hittast

við skemmtileg tækifæri. t.d. í gönguferðum, fjallgöngum og útilegum. Sumarið 2023 var farið í útilegu við Faxa í Biskupstungum.

SAMFÉLAGSPÁTTAKA

VSÓ sýnir samfélagslega ábyrgð með því að styrkja ýmis mikilvæg málefni í nærsamfélaginu. Eitt af þeim er verkefnið **Perlað af Krafti** sem hefur það meginmarkmið að styðja við ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein. Verkefnið er ein helsta fjáröflunarleið Krafts, sala perluarmbanda með áletruninni „Lifið er núna“ sem framleidd af sjálfboðaliðum. Starfsfólk VSÓ lagði verkefninu lið með því að perla armbönd auk þess sem VSÓ styrkti starfsemi Krafts fjárhagslega.



Mynd 19 Perluarmbönd Krafts með áletruninni „Lifið er núna“. Mynd: Kraftur.

Í nokkur ár hefur starfsfólk **Vinnustofu Skálatúns** útbúið ýmis konar tækifærisgjafir fyrir VSÓ og í ár tengdist það jólagjöfum til starfsfólks. Auk þess styður VSÓ **Krabbameinsfélag Íslands** og verkefni á borð við Bleiku slaufuna og Mottumars. VSÓ styður **ýmis önnur verkefni almannaheillafélaga**, t.d. SÁÁ, Landsbjörg, Rauða krossinn, Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp og Team Rynkeby.

STJÓRNARHÆTTIR

Stuðst er við **UFS leiðbeiningar Nasdaq** um framsetningu gagna varðandi stjórn og stjórnarhætti, óhæði stjórnar, kaupauka, kjarasamninga, siðareglur birgja, siðferði og aðgerðir gegn spillingu, persónuvernd, sjálfbæriskýrslur og starfsvenjur við upplýsingagjöf. Hér á eftir er fjallað um stjórn VSÓ, ábyrga stjórnarhætti, birgja og persónuvernd. Um aðra þætti og frammistöðu VSÓ er fjallað í viðauka.

Lykilatriði um stjórnarhætti			
Að viðskiptavinurinn sé ánægður	Gagnsæi	Að hugað sé að hagsmunaaðilum	Lög og reglugerðir uppfylltar

STJÓRN VSÓ RÁÐGJAFAR

Sex manns eru í stjórn VSÓ, þrjár konur og þrír karlar. Áhersla er á að breidd starfsfólks endurspeglit í stjórninni, bæði hvað varðar kyn og aldur. VSÓ er í eigu starfsmanna og eru hluthafar 25 talsins. Komið hefur verið upp matskerfi sem gerir starfsfólki kleift að óska eftir því að gerast hluthafi í félaginu en markmið meirihluta núverandi eigenda er að einungis starfsfólk geti orðið hluthafar.

ÁBYRGIR STJÓRNARHÆTTIR



Markmið: Tryggja ábyrga stjórnarhætti sem sýna að fyrirtækið axli ábyrgð á verkum sínum. Einnig að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu sem skilar þeim raunverulegum árangri.

Staðan: Ein **meginstoðin í sjálfbærnistefnunni snýst um ábyrga stjórnarhætti.**

Við tileinkum okkur góða stjórnarhætti þar sem alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum um bestu framkvæmd á því sviði er fylgt. Verklag einkennist af góðu viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð. Við leggjum áherslu á að nýta fjármagn með hagkvæmum hætti og styðjum við samfélagsleg málefni, mannréttinda- og góðgerðarmál.

VSÓ leggur áherslu á að veita verðmæta og skilvirka þjónustu. Fyrirtækið hefur verið á lista Credit info yfir **framúrskarandi fyrirtæki** árlega frá árinu 2014 og **fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri** árlega frá 2017.

VSÓ á fulltrúa í stjórn Félags ráðgjafaverkfræðinga og leggur þannig sitt lóð á vogarskálarnar að stuðla að eðlilegu samkeppnisumhverfi og að verkfræðivinna styðji við **jákvæðan hagvöxt og góða innviði samfélagsins**. Starfsfólk kennir ýmsar greinar í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og hjá Iðunni, fræðslusetri.

Við inkaup á vörum og þjónustu hefur VSÓ sett viðmið til að meta birgja og þjónustuaðila sem m.a. taka á umhverfismálum, öryggi og heilsu.

Viðmið VSÓ við mat á birgjum og þjónustuaðilum

- Geta til að útvega vöru/þjónustu á tryggan hátt.
- Verð á vöru og þjónustu.
- Fyrri verkefni undirverktaka og þjónustuaðila.
- Reynsla VSÓ af samstarfi við undirverktaka og þjónustuaðila.
- Fagmennska.
- Skjalfest gæðakerfi, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Umhverfisstjórnun, verklag eða ferli sem unnið er eftir.
- Skipulagt vinnuverndarstarf.





PERSÓNUVERND

Markmið: Að þeir einstaklingar, þ.e. starfsfólk, viðskiptavinir eða aðrir sem verið er að safna upplýsingum um séu upplýstir um hvernig fyrirtækið safnar og vinnur persónuupplýsingar.

Staðan: VSÓ er umhugað um **persónuvernd** og **gagnaöryggi** og því hefur fyrirtækið sett sér stefnu um persónuvernd. Markmið stefnunnar er að tryggja að VSÓ vinni aðeins með persónuupplýsingar að uppfylltum **skilyrðum persónuverndarlaga** og að gripið sé til nauðsynlegra öryggisráðstafana þegar við á. Í stefnunni kemur fram að aðeins nauðsynlegar upplýsingar eru meðhöndlaðar til að uppfylla samnings- og kjarasamningsbundnar skuldbindingar og uppfylla skyldur t.d. samkvæmt bókhaldslögum. VSÓ reynir eftir fremsta megni að halda öllum þeim persónuupplýsingum sem safnað er nákvæmum og áreiðanlegum og uppfærir þær eftir þörfum.

GRÆNA LEIÐIN AÐ SJÁLFBÆRRI FRAMTÍÐ

Græna leiðin er að festa sig í sessi í starfsemi VSÓ, bæði innan fyrirtækisins og í þjónustu við viðskiptavinum. Á árinu 2023 voru áherslur Grænu leiðarinnar rýndar og mótaðar enn frekar í ljósi nýrrar **sjálfbærnistefnu VSÓ**. Leiðarljós Grænu leiðarinnar er: sjálfbær þróun er grunnur að velferð og lífsgæðum.

Ellefu þjónustupættir hafa verið skilgreindir undir Grænu leiðinni, greininga og ráðgjöf á sviði sjálfbærni og hringrásarlausna. **Markmiðið er að stuðla að sjálfbærni á sviði umhverfis, samfélags og efnahags**; draga úr umhverfisáhrifum og úrgangsmyndun, hámarka auðlindanýtingu og benda á hagkvæmar lausnir sem stuðla að góðri lýðheilsu og bættu samfélagi. Lögð er áhersla á að öll verkefni skili framförum og raunverulegum árangri svo sem í:

- Lægra kolefnisspori.
- Minni úrgangi.
- Bættri auðlindanýtingu.
- Betti orkunýtingu.
- Lægri líftímakostnaði.
- Bættri aðstöðu.
- Sjálfbærri byggðapróun.

VIRK ÞÁTTAKA Í VEGFERÐ AÐ SJÁLFBÆRNI

Unnið var með markvissum hætti að innleiðingu sjálfbærnistefnu VSÓ. Í sjálfbærnivíku í október var stefnan kynnt starfsfólki, haldin **kynning á markmiðum og áherslum Grænu leiðarinnar** auk kynninga á árangursríkum verkefnum sem falla undir Grænu leiðina.

VSÓ tók virkan þátt í starfi **Festu**, miðstöðvar um sjálfbærni, og **Grænni byggð** á árinu sem og í öðrum faghópum tæknigreina þar sem sjálfbærni ber á góma.


Sérfræðingar VSÓ eiga sæti í starfshópum á vegum HMS og innviðaráðuneytis sem hafa það hlutverk að endurskoða afmörkuð svið í byggingarreglugerð. Um er að ræða starfshóp **um lífsferilsgreiningar, hringrásarhagkerfið og byggingarvörur** og **orkusparnað og rekstur**. Þessi endurskoðun á

byggingarreglugerð er sprottin úr vinnu mannvirkjageirans sem fjallað er um í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð.

Greinargerð um samræmda aðferðafræði lífsferilsgreininga fyrir íslenskar byggingar er afrakstur vinnu hópsins um lífsferilsgreiningar og hefur hún verið birt í samráðsgátt stjórnvalda ásamt drögum um breytingu á byggingarreglugerð sem felur í sér **innleiðingu ákvæða um lífsferilsgreiningu mannvirkja**. Verið er að vinna að gerð samræmdrar aðferðafræði við orkuútreikninga mannvirkja og útgáfu viðmiða fyrir orkuflokka bygginga.

Starfsfólk VSÓ flutti einnig erindi á ýmsum ráðstefnum árið 2023 s.s. um hringrásarhagkerfi í byggingargeiranum og orkunýtingu.

Einn hluti af innleiðingu sjálfbærnistefnunnar í starfseminu fólst í því að eiga fundi með viðskiptavinum með það að markmiði **að auka vitund viðskiptavina um tækifæri og áskoranir tengdar loftslagsvánni og sjálfbærni** og ræða hvernig VSÓ getur þjónustað viðskiptavinum enn betur að þessu leyti.



UMHVERFISVOTTANIR

Hjá VSÓ er lögð áhersla á að bjóða ráðgjöf, verkefnastjórnun og gerð skilagagna í tengslum við umhverfivottanir mannvirkja og skipulags. Þá hafa hönnuðir sett sig vel inn í kröfur og viðmið í helstu vottunarkerfum sem nýtast í allri hönnunurvinnu.

Fjórir starfsmenn hafa réttindi sem matsmenn í **BREEAM** á sviði skipulags, nýbygginga, bygginga í rekstri og endurbyggingu og endurnýjunar á húsnæði. Meðal BREEAM verkefna sem VSÓ vann að árið 2023 eru:

- Grófarhús í Reykjavík, **BREEAM Refurbishment and fit-out**
- Skarfabakki farþegamiðstöð, **BREEAM New Construction**
- Gróska í Vatnsmýrinni, **BREEAM In-use**



Áhugi á **Svansvottun bygginga** fer vaxandi á Íslandi. Á árinu 2023 tók VSÓ að sér ráðgjöf við Svansvottun bygginga og gerð skilagagna í **endurbótum** á skóla-byggingum og við **nýbyggingu** á hjúkrunarheimili á Ísafirði. Skapast hefur dýrmæt þekking og reynsla á Svansvottun bygginga hjá VSÓ og fjölgar starfsfólki sem

sinnir slíkum verkefnum. Þetta gerir VSÓ eftirsóttan samstarfsaðila í Svansvottunarverkefnum.

Farþegamiðstöð við Skarfabakka

VSÓ tók þátt í samkeppni um hönnun og byggingu á **fjölnota farþegamiðstöð við Skarfabakka í Sundahöfn** ásamt ÍAV og Brokkr studio. Tillaga teymisins var valin sigurtillaga. Verkefnið var að hanna farþegamiðstöð þar sem flæði er gott, með góðum fjölnota möguleikum í byggingu sem væri aðlaðandi bæði að utan sem innan. Tillagan var sögð framsækin hvað hönnun varðar, með afbragðs fyrirkomulagi þegar kemur að flæði farþega og farangurs og er um leið mjög formfögur.

Matsmaður hjá VSÓ mun vinna að **BREEAM vottun** byggingarinnar sem á að hljóta „very good“ í einkunn eftir staðli nýbygginga (New Construction).



Mynd 20 Farþegamiðstöð við Skarfabakka. Höf. Brokkr Studio / Fractal Mind.

ORKUÚTREIKNINGAR OG ORKUNÝTING BYGGINGA

VSÓ býr yfir mikilli sérþekkingu á orkubúskap og orkuútreikningum nýbygginga hér heima og erlendis. **Byggingarhermiforrit** eru nýtt til að framkvæma dýnamíska orkuútreikninga og meta frammistöðu byggingarhönnunar m.t.t. orkunotkunar og innivistar.

Bætt orkunýting eldri bygginga

Rannsóknarstyrkur fékkst úr **Aski mannvirkjasjóði** til að rannsaka hvort og hvernig megi **bæta orkunýtingu eldri bygginga**. Markmið verkefnisins er að meta ávinning af bættri orkunýtingu eldri bygginga með því að varpa ljósi á nauðsynlega fjárfestingu í endurbótum á húsnæðinu til þess að draga úr kolefnisspori og orkukostnaði næstu áratugi og meta þannig umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning til lengri tíma. Niðurstöður skýrslunnar voru kynntar á opnum fundi um orkunýtingu bygginga sem haldinn var af Grænni Bygð, HMS og Orkuklasanum.

Leikskólabyggingar í Reykjavík

Í tengslum við viðhald á leikskólum Reykjavíkurborgar gerði VSÓ útreikninga á áhrifum nokkurra endurbótaáðgerða og reiknaði út **orkusparnað, kolefnisspor og kostnað endurbótanna yfir líftíma bygginganna**. Sýnt var fram á umtalsverðan orkusparnað þeirra áðgerða sem fyrirhugað var að ráðast í og hægt var að undirbyggja ákvarðanatöku um endurbætur með ofangreindum útreikningum. Slíkir útreikningar nýtast einnig í tengslum við græna fjármögnun verkefna.



Mynd 21 Leikskólinn Hálsaskógur-Hálsaborg í Reykjavík.

Leikskóli í Halmstad í Noregi

VSÓ tók þátt í hönnun á leikskóla í Halmstad í Noregi og veitti ýmsa ráðgjöf. Arkitekt hússins er MAP arkitekter. Til stendur að Svansvotta bygginguna.

Leikskólinn er **hannaður sem lágorkuhús í orkuflokki A** í takt við umhverfisviðmið frá sveitarfélaginu. **Orkuútreikningar** eru gerðir með **SIMIEN forritinu** og sólarcellur og bergvarmi eru nýttar í byggingunni. Þá er byggingarefni valið út frá umhverfissjónarmiðum og viðmiðum í Svansvottun, krosslímt timbur o.fl. Þá verða utanhúss klæðningar, múrsteinn og tréklæðningar, endurnotuð úr öðrum verkum. VSÓ sá einnig um lóðahönnun sem þykir mjög vel heppnuð.



Mynd 22 Leikskólinn í Halmstad. Arkitekt er MAP arkitekter.

HRINGRÁSARHAGKERFIÐ

Í **hringrásarhagkerfi** er leitast við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi og viðhalda verðmætum auðlinda eins lengi og mögulegt er. Þannig mynda vöruhönnun, framleiðsla, dreifing, neysla og meðhöndlun úrgangs því sem næst lokaða **auðlindahringrás**.

Breyting á lagaumhverfi hringrásar og úrgangsmála

Í upphafi árs 2023 tóku gildi mikilvægar breytingar á **lagaumhverfi hringrásar og úrgangsmála**, oft kölluð einu nafni hringrásarlögin. Markmið með breytingunum er að draga úr losun gróðurhúslofttegunda frá meðhöndlun úrgangs, stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með aukinni endurvinnslu og annarri endurnýtingu úrgangs og draga úr urðun.

VSÓ tók virkan þátt í stefnumarkandi verkefnum í tengslum við innleiðingu á þessum lagabreytingum í íslenskt samfélag. Meðal verkefna var greining á áhrifum lagabreytinganna á skyldur sveitarfélaga, að gera tillögur að fyrirkomulagi samstarfs þeirra í verkefnum og vinna að nauðsynlegum

breytingum á samþykktum sveitarfélaganna. Einnig var unnið að innleiðingu breytinga í útboðsskilmálum vegna úrgangshirðu.

Endurnotkunar- og niðurrifsáætlanir

VSÓ gerir úttektir á eignum til að **áætla magn og ástand byggingarefna og greinir kolefnisspor þeirra**. Metnir eru möguleikar á uppgerð húsa, endurnotkun húsnæðis auk þess sem reynt er að hámarka endurheimt byggingarefna frá niðurrifi til síðari notkunar og gerð úrgangsaætlun.

Með gerð **endurnotkunar- og niðurrifsáætla**na er verið að stuðla að því að:

- **Lágmarka hráefnaöflun og úrgangsmyndun** og styðja þannig við innleiðingu hringrásarhagkerfisins á Íslandi.
- **Lágmarka kolefnislosun** sem verður vegna nýbygginga með því að endurnýta eldri byggingar og byggingarefni.
- **Viðhalda virði** byggingarefnanna.

Endurnotkunaráætlanir eru unnar í samræmi við byggingarreglugerð, gr. 15.2.2. Þær innihalda magntöku á helstu byggingarefnum og byggingarhlutum, flokkun og greiningu á leiðum og farvegi til að endurnota byggingarefni og endurvinnna það sem ekki er hægt að endurnota.

VISTVÆNNI SAMGÖNGUR OG GOTT AÐGENGI

Ríkur þáttur í þjónustu VSÓ er að stuðla að **vistvænum samgöngum og notkun virkra ferðamáta**. Markmiðið er að leggja grunn að sjálfbærum og umhverfisvænum ferðaleiðum, draga úr umferð vélknúinna ökutækja, minnka kolefnisspor og álag á vegakerfið. Ábatinn er hreinna umhverfi, minni loft- og hávaðamengun, betri heilsa og aukið öryggi vegfarenda.

VSÓ hefur víðtæka reynslu og hefur tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði **umferðarstýringa, samgöngutækni og hönnunar**. Ferðavenjukannanir sem gerðar hafa verið undanfarin ár hafa sýnt skýra þróun í átt til færri ferða og aukningar í notkun vistvænna ferðamáta. Dæmi um verkefni eru:

- **Uppbygging stofnhjólans höfuðborgarsvæðisins**, hönnun göngu- og hjólastíga í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.
- **Deiliskipulagsvinna í tengslum við uppbyggingu Borgarlínunnar** í Kópavogi.
- **For- og verkhönnun** vegna fækkunar akreina á Smárahvammsvegi
- **Samþætting skólaaksturs og almenningsamgangna** á norðanverðu Snæfellsnesi og í Dalabyggð
- **Gerð samgöngumats** í tengslum við deiliskipulag þéttingarreita víða um Reykjavíkurborg
- **Aðgengisúttektir** fyrir Reykjavíkurborg o.fl.

Hönnun hjólastíga á höfuðborgarsvæðinu


Það hefur verið stígandi í stígaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu að undanfögnu. VSÓ vann að hönnun göngu- og hjólastíganetsins sem áætlað er að stækki enn frekar á árinu 2024 eða um 3,3 km. Hannaðir hafa verið stígar í Elliðaárdal, Litluhlíð og á árinu 2024 verða hannaðir stígar í Kópavogi og Hafnarfirði.



Mynd 23 Göngustígur við Litluhlíð í Reykjavík sem VSÓ hannaði.

Áhugaverðir staðir á Gullna hringnum – skráning myndastoppa

Gullni hringurinn er ein fjölfarnasta leið ferðafólks hér á landi. Þörf er á að **gera úrbætur og auka umferðaröryggi** á þeim fjölmörgu áningarstöðum ferðamanna sem finna má á Gullna hringnum.



Mynd 24 Úttekt á áningarstöðum á Gullna hringnum.

VSÓ tók að sér að gera úttekt á 24 stöðum á 210 km vegarkafli um Þingvallaveg, Geysissvæðið og Gullfossi og niður á Suðurlandsveg skammt norðan við Selfoss (mynd 24). Markmiðið var að fá heildstæða yfirsýn yfir staði þar sem ferðafólk stoppar gjarnan til myndatöku og leggja til úrbætur að **bættu flæði umferðar og jöfnun á álagstoppum**.

Fjallað var um hvern stað fyrir sig í máli og myndum, staðurinn flokkaður, gefin einkunn fyrir umferðaröryggi og sagt frá þeim aðbúnaði sem finna má á hverjum stað, t.d. ef þar eru bekkir, borð eða skilti. Jafnframt eru lagðar fram tillögur um hvernig myndastopp, áningarstaður og norðurljósa-stopp gætu litið út, sem og úrbótatillögur um níu áningarstaði.

LOFTSLAGSMÁL

Í október 2023 kom út fjórða **samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar**. Skýrslan fjallar um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrfar og samfélag á Íslandi. Skýrsla staðfestir, svo ekki verður um villst, **að loftslagsbreytingar eru byrjaðar að breyta náttúrfari og lífsskilyrðum fólks á Íslandi** með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Umtalsverð áhrif loftslagsbreytinga á atvinnuvegi, byggða innviði og efnahag skapa verulegar áskoranir, jafnvel í geirum þar sem viðbrögð við hlýnun geta haft jákvæð áhrif í för með sér. Vísindamenn telja mikilvægt að draga úr losun en líka að undirbúa samfélagið undir breytingar sem þegar eru farnar að hafa áhrif á líf okkar.

VSÓ tekur mið af nýjustu stöðu þekkingar í loftslagsmálum í ráðgjöf sinni og leitast við að benda á leiðir til að ná bættum árangri, bæði varðandi mótvægis- aðgerðir og aðlögun að loftslagsbreytingum. Starfsfólk fékk fræðslu um aðlögunarmál og niðurstöður vísindaskýrslunnar á árinu.

Loftslagsvísar atvinnulífsins - áliðnaður

Aðkoma íslensk atvinnulífs skiptir sköpum í þeim umskiptum sem nauðsynleg eru til að markmið Íslands í loftslagsmálum náist. Í því skyni að ramma inn tillögur um aðgerðir og úrbætur sem snúa að atvinnulífinu ákváðu samtök atvinnugreina að gefa út **loftslagsvegvísa atvinnulífsins fyrir helstu atvinnugreinar á landinu** og voru tillögurnar afhentar stjórnvöldum.

Sérfræðingur VSÓ tók að sér að **stýra vinnustofu hagaðila í áliðnaði** við undirbúning að útgáfu loftslagsvegvísis fyrir greinina, þar sem áskoranir voru kortlagðar og mótaðar tillögur að úrbótum í framleiðslu áls og í nýsköpun og rekstri sem ætlað er að minnka losun.

Útreikningur á kolefnisspori sveitarfélaga

VSÓ tók að sér ráðgjöf við **innleiðingu á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins**, mat á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2022 og greiningu á vegferð höfuðborgarsvæðisins til kolefnishlutleysis árið 2035.

Umhverfismat Landsskipulagsstefnu

Í tengslum við endurskoðun á landsskipulagsstefnu til næstu fimmtán ára vann VSÓ **mat á umhverfisáhrifum stefnunnar** fyrir innviðaráðuneytið. Drög að **hvítbók** sem innihélt stefnudrögin voru til umsagnar í samráðsgátt og kynnt og rædd á Skipulagsdeginum 19. október. Þá lagði ráðherra fram tillögu til þingsályktunar sem byggir á hvítbókinni.

Eitt af lykilviðfangsefnum landsskipulagsstefnunnar er að **skipulag sé loftslagsmiðað**. Ákvarðanir sem teknar eru við gerð skipulagsáætlana eru lykilþáttur í að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, auka bindingu kolefnis og aðlaga samfélagið að breytingum sem verða á umhverfi okkar vegna loftslagsbreytinga.





UMHVERFI

FÉLAGSLEGIÐ
MÆTTIR

STÖRNARHÆTIR

VIÐAUKI - UFS MÆLIKVARÐAR



Í viðaukanum eru **UFS mælikvarðarnir** settir fram í samræmi við **leiðbeiningar Nasdaq** og mat á frammistöðu VSÓ Ráðgjafar gagnvart þeim þáttum sem UFS mælikvarðarnir ná yfir. Árangur frá fyrra ári (2022) er metinn. Notaðir eru litirnir **grænn, gulur, appelsínugulur og hvítur** til að lýsa frammistöðunni. Einnig eru **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (HSP)**, sem VSÓ leggur áherslu á, tengd við UFS mælikvarðana og þau undirmerkið Heimsmarkmiðanna og mælikvarða þeirra sem mögulegt er að tengja við¹.



Skýring á litum sem notaðir eru til að lýsa frammistöðu og meta stöðu markmiða hjá VSÓ gagnvart UFS mælikvörðunum.

Merking	Lýsing
	Gildi mælikvarða er betra en árið á undan eða endanlegum markmiðum fyrir mælikvarðann er náð.
	Engin eða óveruleg breyting er frá fyrra ári.
	Gildi mælikvarða er verra en árið á undan. Markmiðum ekki náð.
	Gögn eða viðmið liggja ekki fyrir.




¹ <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/maelabord/>






UFS MÆLIKVARÐAR - UMHVERFI

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E1	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 1.	tonn CO ₂ ig	16	13	Losun vegna umfangs 1 minnkaði, losun vegna umfangs 2 stóð í stað en jókst vegna umfangs 3 frá árinu 2022. Fyrir tíma Covid var heildarlosun í kringum 90 tonn.		13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.	13.2.2 Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári.
	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 2.	tonn CO ₂ ig	3	3				
	Heildarmagn í CO ₂ ig fyrir umfang 3.	tonn CO ₂ ig	37	42				
E2	Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð (stöðugildi).	tonn CO ₂ ig	0,60	0,65	Losun á hvert stöðugildi jókst lítillega frá 2022.			
	Heildarlosun lofttegunda annarra en gróðurhúsalofttegunda m.v. úttaksstærð.	-	-	-				
E3	Heildarmagn beinnar orkunotkunar (eldsneyti).	kWst	72.593	56.632	Notkun á eldsneyti minnkaði frá 2022.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
	Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar (rafmagn).	kWst	216.120	174.248	Notkun á rafmagni minnkaði frá 2022.			
	Bein heildarorkunotkun m.v. úttaksstærð, stöðugildi (rafmagn).	kWst	2.3496	2.026	Notkun á rafmagni á hvern starfsmann minnkaði frá 2022.			
E5	Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum.	Endurnýjanleg orka	91%	92%	Rafmagn, heitt vatn og metan eru þeir endurnýjanlegu orkugjafar sem notaðir hjá VSÓ. Hlutfall þeirra jókst frá árinu 2022.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
E6	Heildarmagn af vatni sem er notað (heitt vatn).	m ³	5.973	5.814	Notkun á heitu vatni minnkaði lítillega frá 2022 og er innan viðmiðs (0,5-0,8 m ³ /m ³). Veðurfar hefur mest áhrif á vatnsnotkun VSÓ.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.	-
	Heildarmagn af vatni sem er endurheimt.	-	-	-				

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
E7	Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ var með umhverfisstefnu, sem rann inn í sjálfbærnistefnuna 2023, vinnur eftir vottuðu umhverfisstjórnarkerfi (ISO 14001) og stýrir notkun á auðlindum m.a. orku.		12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð. 12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.	12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.
	Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	Já/Nei	Já	Já				
E7	Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Já	Já				
E8	Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei			13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.	-
E9	Hefur æðsta stjórnunarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei				
E10	Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun.	m.ISK	75	77,5	VSÓ vinnur að því að styrkja þekkingu og ráðgjöf á sviði loftslagsmála og sjálfbærni sem kallast „Græna leiðin“.			




UFS MÆLIKVARÐAR - FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR








Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S1	Hlutfall heildar launagreiðslu forstjóra og miðgildis heildar launagreiðslna starfsfólks í fullu starfi.	%	1,9	1,89	Unnið er að því að fá vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85 árið 2023.	-	-	-
	Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
S2	Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna.	%	1,22	1,12	Árið 2023 var óútskýrður launamunur 1% konum í óhag m.v. meðal heildarlaun starfsfólks. Vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85.	5 JAFNÉTTI KYNJANNA 	5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.	
S3	Árleg breyting á hlutfalli starfsfólks í fullu starfi.	%	6	0		8 GÓÐA TÍMNA OG HAGVÖXTUR 	-	-
	Árleg breyting á hlutfalli starfsfólks í hlutastarfi.	%	-	-				
	Árleg breyting á fjölda verktaka og/eða ráðgjafa.	%	-	-				
S4	Kynjahlutfall innan fyrirtækisins.	%	46/54	49/51	Unnið er að hækkan hlutfalls kvenna og er stefnan að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsum störfum hjá VSÓ.	5 JAFNÉTTI KYNJANNA 	-	-
	Kynjahlutfall í byrjunarstörfum og næsta lagi starfsfólks fyrir ofan, í prósentum.	%	-	-	Gögnum ekki safnað um kynjahlutfall í byrjunarstörfum.			

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S4	Kynjahlutfall í störfum í efsta lagi starfsfólks og sem framkvæmdastjórar/sviðsstjórar, í prósentum.	%	11	11	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	-	-
S5	Prósenta starfsfólks í hlutastarfi.	%	10	10	Engin viðmið/markmið hafa verið sett.	8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	-	-
	Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf.	%	-	-				
S6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreitni og/eða jafnrétti?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.	5 JAFNRÉTTI KYNJANNA 	-	-
S7	Tíðni slysatengdra atvika m.v. heildar vinnutíma vinnuafslsins í prósentum.		0	0	Markmið VSÓ er að engin slasist við vinnu á vegum VSÓ.			
S8	Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir vottuðu öryggis- og heilsustjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001 og er markmið að öll komum við heil heim og engin þrói með sér atvinnutengda sjúkdóma.	3 HEILSA OG VELLÍÐAN  8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR 	3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu. 3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar. 8.8 Réttindi á vinnumarkaði verði vernduð og stuðlað að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk, meðal annars farandverkfólk, einkum konur í þeim hópi og þá sem eru í óöruggu starfi.	-

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
S9	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ fylgir almennri löggjöf á Íslandi sem nær yfir vinnu barna og unglinga.		8.7 Gerðar verði tafarlaugar og árangursmiðaðar ráðstafanir til þess að útrýma nauðungarvinnu. Nútíma-þrælahald og mansal heyri sögunni til og tekið verði fyrir barnaþrælkun og hún bönnuð, þar á meðal herþjónusta barna, og eigi síðar en árið 2025 verði nauðungarvinna barna í allri sinni mynd úr sögunni.	-
	Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei	Nei	-			
S10	Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já	VSÓ vinnur eftir jafnréttisáætlun og Sáttmála gegn einelti, ofbeldi og áreitni sem nær yfir alla hópa samfélagsins.	-	-	-

UFS MÆLIKVARÐAR - STJÓRNARHÆTTIR

Mæli- kvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G1	Hlutfall kvenna í stjórn í prósentum (samanborið við karla).	%	50	50	Stefna VSÓ er að jafna kynjahlutfall í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.		5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.	5.5.2 Hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum.
	Hlutfall kvenna í formennsku nefnda í prósentum (samanborið við karla).	%	Á ekki við					
G2	Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já	Já	Góðir stjórnarhættir gera ráð fyrir ákveðnu hlutfalli óháðra stjórnarmanna.	-	-	-
	Hlutfall óháðra stjórnarmanna í prósentum.	%	17	17				
G3	Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	Já/Nei	Nei	Nei	Ekki til staðar.	-	-	-
G4	Hlutfall starfsfólks fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga.	%	100	100	Allt starfsfólk fellur undir almenna kjarasamninga.		8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.	8.5.1 Meðaltíma kaup starfandi karla og kvenna, eftir starfi.
G5	Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum?	Já/Nei	Nei	Nei	Hefur ekki verið hluti af birgjamati að gera þessa kröfu.		-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglunum, í prósentum?	%	-	-				
G6	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já	Siðareglur eru hluti af starfsreglum stjórnar VSÓ.	-	-	-
	Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafis þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	%	-	-				

Mælikvarði	Lýsing	Eining	2022	2023	Hver er staðan?	Tenging við HSP	Tenging við undirmarkmið HSP	Tenging við mælikvarða undirmarkmiðs
G7	Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já	Já	Persónuverndarstefna og verklag um meðferð persónuupplýsinga hjá VSÓ var innleitt 2018.	-	-	-
	Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já				
G8	Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	Já/Nei	Já	Já	Sjálfbæriskýrsla gefin út frá árinu 2020, stuðst við UFS mælikvarða og leiðbeiningar Nasdaq.		12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.	12.6.1 Fjöldi fyrirtækja sem birta skýrslur um sjálfbærni.
	Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei				
G9	Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei	Árið 2019 voru tengsl starfsemi VSÓ við heimsmarkmiðin skoðuð sérstaklega og voru þau kortlögð m.v. starfseminna. Starfsemin er margþætt og tengist mörgum heimsmarkmiðum. Lögð er áhersla á sex heimsmarkmið.	     		
	Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HSP)?	Já/Nei	Já	Já				
	Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu HSP?	Já/Nei	Nei	Nei				
G10	Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei	-	-	-	-

